

Nr. 068 / 13 Eyjólfur Ólafsson HU 100**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2175
Smíðaður: Hafnarfirði 1992, plast
Stærð: 7 brl. 7,7 bt.
Mesta lengd: 9,0 m Skráð lengd: 8,98 m
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Cummins 187 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 2



Eyjólfur Ólafsson©Jón Sigurðsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. maí 2013 var Eyjólfur Ólafsson HU 100 á Breiðafjarðamiðum. Veður: SA 7-10 m/s. (*Bjargtangar*)

Verið var á siglingu frá Sandgerði til Norðurfjarðar og þegar komið var skammt norður fyrir Öndverðarnes urðu skipverjar varir við gangtruflanir. Eftir að hafa skipt um olíusúr og tappað vatni undan síuhúsinu var ferð haldið áfram en ítrekaðar olútruflanir urðu til þess að síubirgðir bátsins kláruðust. Þegar báturinn var staddur 3,8 sml. suður af Látrabjargi stöðvaðist vélin og óskaði skipstjóri þá eftir aðstoð. Kom Sigurvon BA 367 á staðinn og dró bátinn til Tálknafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra voru tveir neysluolíutankar úr ryðfríu stáli í vélarúminu sem hann notaði í róðrum. Einnig er tankur undir gólfi í lúkar fremst í bátinum sem hann sagðist ekki nota nema þegar verið var að sigla á milli landshluta þar sem hann drægi úr ferð bátsins. Í þetta skipti hafði hann fyllt á stafntankinn ásamt hinum neyslutönkunum. Þegar olían fór að minnka á neyslutönkunum dældi hann af stafntanknum yfir á neyslutankana og fyllti þá en skömmu síðar byrjuðu gangtruflanir;
- að skipstjórinn sagðist hafa hreinsað tankana ári áður en hann hafði ekkert notað stafntankinn í marga mánuði;
- að eftir að stafntankurinn var opnaður sást að mikil græn og brún drulla var í honum sem skýrði stíflu í olíulögnum en úr þeim þurfti að blása eftir

að tankarnir voru tæmdir. Tankarnir voru síðan hreinsaðir að sögn skipstjóra áður en ný olía var fyllt á þá til áframhaldandi ferðar.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var sveppamyndum í gamalli olú.

Sérstök ábending:

Nefndin hefur margsinnis bent á nauðsyn þess að gæta sérstaklega að gamalli olú í tönkum sem ekki hafa verið notaðir í langan tíma. Hitabreytingar orsaka sagga í síðum og slagvatn safnast fyrir í botninum sem flýtur fyrir gróðurmyndun á skilum vatns og olú.